

arsjóður þess hrepps, þar sem ráðstöfunin er framkvæmd, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

76

26. marz

93. gr.

Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari og ekki verður krafizt af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefur verið kostað.

Leiði kostnað af ráðstöfun, er varða lögsagnarumdæmið í heild, greiðist hann úr sýslusjóði.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 26. marz 1945.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

77

3. apríl

um breyting á skipulagsskrá fyrir Snorrásjóð 1930, nr. 99/1931.

1. gr.

4. gr. skipulagsskrárinnar orðist svo:

Sjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands, sparissjóði hans og verðbréfum, ef eigi er vænlegra fyrir efling sjóðsins að ávaxta hann í öðrum ríkistryggðum verðbréfum.

Búnaðarbankinn hefur á hendi reikningshald sjóðsins, honum að kostnaðarlausu.

2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Forsætisráðherrann, 3. apríl 1945.

Ólafur Thors.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

78

9. apríl

um skömmtun á benzíni.

1. gr.

Samkvæmt reglugerð um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða, dags. 18. febrúar 1943, skal benzínskammtur til bifreiða vera sem hér segir á tímabilinu 1. maí til 1. september 1945:

A. Fólksbifreiðir:

- | | |
|--|--------------|
| 1. Strætisvagnar í Reykjavík og Hafnarfirði | 8000 litrar. |
| 2. Almenningsbifreiðir, hálfkassabifreiðir og mjólkurflutninga-bifreiðir | 4000 — |
| 3. Leigubifreiðir, þær sem uppfylla ákveðin skilyrði | 3500 — |